

Foreldraráðsfundur 02.10.2018

Fundur settur 16:20

Mætt eru: Drífa, Gyða, Harpa, Kristín, Sandra og Sindri.

Foreldraráð 2018-2019

Í ráðinu eru eftirtaldir fulltrúar: Anna Lilja, Eva Reykjalin, Gyða Sjöfn, Harpa, Kristín Helga, Sandra Karen og Sindri. Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri, starfar með foreldraráði.

Á fundinum var kosið í stöður ráðsins. Sindri er formaður, Harpa er varaformaður og Sandra Karen er ritari.

Starfsreglur foreldraráðs

Harpa sendi rétt fyrir fundinn uppfærðar starfsreglur foreldraráðs Pálmholts sem hafa ekki verið aðgengilegar á heimasíðu leikskólans, <http://palmholt.is/foreldrar/foreldrarad/>.

Núverandi foreldraráð mun lesa yfir uppfærðar reglur frá 2016 og ræða á næsta fundi.

Drífa ætlar að sjá til þess að upplýsingar um foreldraráð á heimasíðunni verði uppfærðar og við fylgjumst með að uppfærðar og samþykktar starfsreglur verði aðgengilegar.

Starfsáætlun Pálmholts

Farið var yfir starfsáætlun Pálmholts fyrir 2018 til 2019 og fylltur út gátlisti varðandi innihald áætlunarinnar.

- Upplýsingar um barnahópin, þ.e. áætlun um fjölda barna, fjölda sérkennslubarna og fjölda tvítyngdra barna, koma fram með fullnægjandi hætti.
- Upplýsingar um fjölda starfsmanna eru fullnægjandi ásamt hlutfalli faglærða en það er ekki sundurgreint eftir fagstéttum. Ráðið óskar eftir frekari sundurgreiningu fyrir næstu áætlun.
- Upplýsingar um símenntunaráætlun koma fram með fullnægjandi hætti.
- Stefna skólans ásamt helstu áherslum kemur fram með fullnægjandi hætti en ráðið óskar eftir að markmið komandi árs séu skýrar tilgreind í næstu áætlun.
- Þeir þættir sem skal meta komandi skólaár og hvaða umbótaferli verða unnin eftir fyrirbyggjandi mati koma fram með fullnægjandi hætti.
- Skýrar upplýsingar um foreldraráð, áætlaða foreldrafundi og foreldraviðtöl koma fram með fullnægjandi hætti.
- Það kemur fram með fullnægjandi hætti hvernig leikskólinn hyggst vinna að samstarfi við grenndarsamfélagið, t.d. Lundarskóla.
- Það kemur fram með fullnægjandi hætti hvernig samstarfi er háttað við stoðþjónustukerfi bæjarins.
- Skóladagatalið er aðgengilegt á heimasíðu leikskólans.

Við yfirferð starfsáætluna vakti foreldraráð athygli á lækkanði hlutfalli faglærðs starfsfólks milli ára sem fer úr 88,84% niður í 66,6%. Óskar foreldraráð eftir skýringum á því.

Einnig setti foreldraráð fram athugasemd við orðalag varðandi fjármagn á námskeiðshaldi á símenntunaráætlun leikskólans. Óskað var eftir því að Drífa athugi hvort fjármagn hafi verið lækkað milli ára.

Almennar umræður

Rætt var um ýmis atriði tengd skólastarfi, meðal annars opnunartíma leikskóla, starfsmenntunarsjóð starfsfólks leikskóla, brúna milli fæðingarorlofs og leikskóla og framtíðarhorfur Pálmholts.

Ágætt er fyrir foreldra að vita að vinnsla að nýjum leikskóla við Glerárskóla er á stefnu bæjarins og mun foreldraráð fá að vita af vinnslu og ákvörðunum sem teknar verða þegar að því kemur þar sem gert er ráð fyrir að starfsfolk Pálmholts standi til boða að hefja störf við nýjan leikskóla. Drífa upplýsti ráðið að hún er í starfshóp sem kemur að flutningi og byggingu nýs leikskóla og mun upplýsa ráðið um helstu efnistöð eftir því sem unnið er að þessu máli.

Fundi slitið 17:50